

Mál nr. 141/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. lyftarans B.

Árekstur milli bifreiðar og lyftara á Hafnarsvæði í Vestmannaeyjum þ. 1.4.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.14.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 16.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-2 dags. 12.6.2014.

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðarinnar A og lyftarans B á hafnarsvæðinu í Vestmannaeyjum. Ökumaður A segist hafa verið að aka um hafnarsvæðið og verið upptekinn við að horfa á bát og ekki tekið eftir lyftara sem hafði stöðvað þegar hann hafi sveigt til hægri. Ökumaður A segir að lyftarinn hafi verið á vinstri vegarhelmingi. Ökumaður B segir að ökumaður A hafi verið að horfa á bát og hafi B verið kyrrstæður en þegar ökumaður B hafi séð í hvað stefndi hafi hann byrjað að bakka rétt í því að A var að nálgast. V-1 hefur viðurkennt bótaskyldu úr kaskótryggingu vegna tjóns á A en V-2 hefur hafnað bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu B, en M krefur í máli þessu um bætur úr þeirri tryggingu. Af hálfu V-1 er bent á að B hafi ekið frá vinstri akrein inn á hafnarsvæðið og haft A á hægri hönd. V-1 telur því að ökumaður lyftarans hafi brotið gegn 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þegar hann ók eftir vinstri akrein götunnar. V-2 telur alla sök liggja hjá ökumanni A sem hafi ekið á B kyrrstæða og sýnt algjört aðgæsluleysi.

Álit.

Áreksturinn varð á hafnarsvæði þar sem brýnt er að ökumenn sýni ítrustu varkárni við akstur. Ökumaður A horfði ekki fram fyrir sig og ók þannig einhverja stund þangað til hann ók á B kyrrstæða. Ökumaður A gerði sér því enga grein hvað var fyrir framan bílinn og sýndi algjört aðgæsluleysi og ber því sök á árekstrinum. Aksturslag og viðbrögð ökumanns B eru ekki þess eðlis miðað við aðstæður að rétt sé að leggja hluta sakar á hann .

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 1.7.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.